Nýjar breytingar á fyrri tillögu eru **feitletraðar.**

## 22. grein

Stjórn BÍS stýrir starfsemi BÍS á milli Skátaþinga í umboði þess. Stjórn BÍS skal skipuð sjö skátum: skátahöfðingja, gjaldkera og fimm meðstjórnendum. Stjórn skal funda reglulega, að jafnaði mánaðarlega. Stjórnarfundur er löglegur ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

Fundargerðir stjórnar BÍS skulu birtar á heimasíðu BÍS.

Öllum skátum er heimilt að bera erindi undir stjórn BÍS.

## 22. grein verður:

Stjórn BÍS stýrir starfsemi BÍS á milli Skátaþinga í umboði þess. Stjórn BÍS skal skipuð sjö skátum: skátahöfðingja, gjaldkera og fimm meðstjórnendum. Stjórn skal funda reglulega, að jafnaði mánaðarlega. Stjórnarfundur er löglegur ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

*Fundir stjórnar BÍS skulu auglýstir á heimasíðu BÍS með minnst viku fyrirvara,* ***nema í neyðartilvikum.*** *Öllum skátum er heimilt að sitja fundi stjórnar BÍS. Skátum má víkja af stjórnarfundi ef ræða á viðkvæm trúnaðarmál. Samþykktar* fundargerðir stjórnar BÍS skulu birtar á heimasíðu BÍS. *Þegar stjórn fjallar um viðkvæm trúnaðarmál skal halda utan um þau í sérstakri trúnaðarbók* ***~~sem einungis er aðgengileg stjórnarmeðlimum.~~***
Öllum skátum er heimilt að bera erindi undir stjórn BÍS.